

Rekstrarskýrsla

RSK 4.11

Leiðbeiningar og dæmi

Skýrslan ásamt persónuframtali berist	0010	Kennitala	0020
		Sveitarfélag	0030 Sveitarfélagsnr.
Nafn - pósthfang	0040	Númer atvinnugreinar (ÍSAT)	0200 Vsk.númer
		Atvinnugrein, heiti	0203

Rekstur 2012

Virðisaukaskattsskyld sala 25,5%	+	1015	Risna og gjafir til viðskiptamanna, styrkir o.s.frv.	+	3163
Virðisaukaskattsskyld sala 7%	+	1025	Ferðakostnaður	+	2333
Velta undanþegin virðisaukaskatti (12. gr.) s.s. útlutn. á vöru og þjónustu	+	1030	Bifreiðakostnaður skv. RSK 4.03	+	3140
Starfsemi undanþegin virðisaukaskatti (2. gr.) s.s. heilbrigðisþjónusta, félagsl. þj., kennsla, íþróttir, fólksflutningar o.fl.	+	1040	Annar bifreiðakostnaður	+	2283
Söluhagnaður	+	1050	Fyrningar	+	3130
Aðrar tekjur sbr. sundurlíðun á bakhlið	+	1060	Aukafyrningar	+	4070
Rekstrartekjur samtals	=	1090	Afskrifaðar viðskiptakröfur	+	2503
Biðgöð í upphafi árs	+	3013	Sölutap	+	3120
Vörukaup	+	2153	Ýmis annar kostnaður sbr. sundurlíðun á bakhlið	+	2533
Biðgöð í lok árs	-	3023	Rekstrargjöld samtals	=	3590
= Vörunotkun/efnisnotkun	+	3028	Rekstrartekjur mínus rekstrargjöld (+/-)	*	= 3600
Aðkeypt vinna og þjónusta til endursölu	+	2173	Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur	+	3633
Reiknað endurgjald	+	3080	Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld	-	3653
Laun	+	3033	Hagnaður/-tap ársins af rekstri (+/-)	*	= 3990
Mótframlag í lífeyrissjóð	+	3085	Dreifing tekjufærslu áður frestaðra tekna skv. 60. gr.	+	4010
Önnur launatengd gjöld	+	3090	Niðurfærsla viðskiptakrafna í upphafi árs skv. skattalögum	+	4090
Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður	+	2093	Niðurfærsla viðskiptakrafna í lok árs skv. skattalögum	-	4091
Rekstrarkostnaður húsnæðis	+	2243	Niðurfærsla biðgöð í upphafi reikningsárs skv. skattalögum	+	4092
Húsaleiga	+	2193	Niðurfærsla biðgöð í lok reikningsárs skv. skattalögum	-	4093
Gjaldfærð smááhöld og búnaður	+	2423	Frestun söluhagnaðar	-	4030
Viðhald og viðgerðir	+	2443	Tekjufærsla söluhagnaðar frá fyrrí árum	+	4040
Ýmis aðkeypt þjónusta	+	2353	Álag vegna frestaðs söluhagnaðar	+	4130
Ýmis skrifstofukostnaður, t.d. ritföng, pappír og prentun	+	2383	Leiðréttingar sbr. sundurlíðun á bakhlið	*	+/- 4400
Lausafjárleiga, fjármögnunarleiga o.fl.	+	2403	Hreinar tekjur/yfirfæranlegt tap til næsta árs (+/-)	*	= 4990
Söluhagnaður, auglýsingar o.fl.	+	2263			

Efnisyfirlit

	Bls.
Almennar upplýsingar	3
Skattskil með RSK 4.11	3
Upplýsingar um framteljanda.....	4
Rekstur - Tekjur.....	4
Rekstur - Gjöld	5
Rekstur - Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	7
Rekstur - Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir	7
Efnahagur - Eignir.....	8
Efnahagur - Skuldir.....	9
Efnahagur - Eigið fé.....	9
Efnahagur - Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir	9
Sundurliðun á reitum 1060, 2533, 4400 og 7190.....	10
Athugasemdir	10
Dæmi um færslu nokkurra rekstrarliða í völdum atvinnugreinum.....	10
Atriðisorðaskrá.....	12

Almennar upplýsingar

Rekstrarskýrsla RSK 4.11 er fylgiskjal með skattframtali einstaklinga og skal skilað með því. Tekjur og gjöld, eignir og skuldir í atvinnurekstri eru þar sundurliðuð með samræmdum hætti, sem tekur mið af hefðbundinni uppsetningu ársreiknings.

Rekstrarskýrslan er ætluð einstaklingum með atvinnurekstur þar sem velta fer ekki yfir 20.000.000 kr. á ári án virðisaukaskatts.

Eftirtaldir aðilar skulu **ekki** nota þetta form:

- Lögaðilar (félög).
- Einstaklingar með skattskylda veltu yfir 20.000.000 kr. án virðisaukaskatts. Nota RSK 1.04.
- Einstaklingar í byggingarstarfsemi sem nota verklokaaðferð við tekjuþjófgerð.
- Einstaklingar með fyrningar (eða aðra liði)

í reikningshaldi, sem víkja frá ákvæðum skattalaga.

- Samrekstraraðilar.
- Bændur. Nota RSK 4.08.

Hér á eftir verður vísað til þessa fylgiskjals sem RSK 4.11. Þegar vísað er í skattalög er átt við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt með síðari breytingum.

Allar tekjur einstaklings sem tengjast atvinnurekstri eru skattskyldar og skal gera grein fyrir þeim á eyðublaðinu RSK 4.11. Frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er einungis heimilt að draga rekstrarkostnað, það er þau gjöld, greidd eða áfallin, sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við og ekki eru sérstaklega undanskilin í

lögum. Auk þess er heimilt að draga frá fyrningar, niðurfærslur og aðra liði sem sérstaklega er kveðið á um í lögum. Til rekstrarkostnaðar teljast hvorki útgjöld til eignakaupa eða annarra fjárfestinga, né útgjöld til einkaparfa, nema að því marki sem þau eru talin til tekna.

Framteljandi þarf að geta sýnt fram á að skilyrði fyrir frádrætti séu til staðar. **Fullnægjandi fylgiskjöl þurfa því að liggja fyrir í bókhaldi rekstraraðila.**

Hafa ber í huga að þessar leiðbeiningar skilgreina almennt hvorki reikningshalds- né skattahugtök. Komi upp ágreiningur um túlkun á einstaka atriðum, sem varða útfyllingu framtalsins, svo sem á rétti til frádráttar o.þ.h., hafa leiðbeiningar þessar ekki lagagildi.

Skattskil með RSK 4.11

Hafa ber í huga að rekstrarskýrslan RSK 4.11 er ekki sjálfstætt framtal, heldur fylgja blað með persónuframtalinu RSK 1.01.

Með skilum einstaklinga á RSK 4.11 skal, eftir því sem við á, fylgja:

- Ársreikningur.
- RSK 4.01 Eignaskrá.
- RSK 4.03 Rekstraryfirlit fólksbifreiðar.
- RSK 4.05 Samræmingarblað.
- RSK 10.25 Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts.

Í sumum tilvikum geta eftirfarandi eyðublað einnig þurft að fylgja:

- RSK 4.09 Greinargerð um fólksbifreiðar.
- RSK 10.26 Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts.
- RSK 10.27 Afstemming virðisaukaskatts vegna blandaðrar starfsemi.

Skattframtali manns í atvinnurekstri skal fylgja ársreikningur, auk tilskilinna fylgiskjala. **Réttilega útfyllt eyðublað RSK 4.11, sem uppfyllir jafnframt öll skilyrði III. kafla laga um bókhald, telst fullnægjandi ársreikningur í þessu tilliti.** Sé eðli starfseminnar hins vegar þannig að sundurliðun á tekjum, gjöldum, eignum og skuldum samkvæmt

RSK 4.11 gefi ekki skýra mynd af henni, skal sérstakur ársreikningur fylgja framtali ásamt RSK 4.11.

Tengsl rekstrarskýrslunnar RSK 4.11 og persónuframtalsins RSK 1.01 eru eftirfarandi:

- Reiknað endurgjald í reit 3080 skal færa yfir á samræmingarblað RSK 4.05 og þaðan í reit 24 á persónuframtali. Sé um skiptingu reiknaðs endurgjalds á maka eða börn að ræða, skal gera grein fyrir henni í viðeigandi reitum á samræmingarblaði.
- Hreinar tekjur (hagnað) í reit 4990 skal færa yfir á samræmingarblað og þaðan í reit 62 á persónuframtali, að teknu tilliti til yfirfæranlegs taps frá fyrri árum, sem haldið skal utan um á samræmingarblaðinu.
- Rekstrartap í reit 4990 skal færa yfir á samræmingarblað, en það skal **ekki** færa yfir á persónuframtal.
- Hreina eign í reit 7990 skal færa yfir á samræmingarblað og þaðan í reit 01 á persónuframtali. Skuldir umfram eignir í reit 7990 skal einnig færa yfir á samræmingarblað og þaðan í reit 165 á persónuframtali.

- Staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum í rekstri (vöxtum og arði) í reitum 9000 og 9010 skal færa yfir á samræmingarblað og þaðan í reit 309 á persónuframtali.

Varðveisla gagna

Geyma skal bókhald, bókhaldsfylgiskjöl og önnur bókhaldsgögn, þar með talin gögn sem varðveitt eru á tölvutæku formi, á tryggan og öruggan hátt í sjö ár frá lokum reikningsárs. Þeim sem nota sjóðvélur er þó ekki skylt að varðveita innri strimla lengur en þrjú ár frá lokum reikningsárs, enda liggja fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur.

Útfylling

Eftirfarandi atriði ber að hafa í huga ef skilað er á prentuðu formi:

Æskilegt er að eyðublaðið sé prentað eða vélritað. Séu fjárhæðir handskrifaðar þarf að gæta þess að skrifa skýrt og greinilega. Færa á allar fjárhæðir í heilum krónum. Nota á (mínus) en ekki sviga til að sýna neikvæðar fjárhæðir.

Mjög mikilvægt er að lokið sé við útfyllingu framtalsins, þ.e. að fyllt sé út í alla samtölureiti, eftir því sem við á.

Upplýsingar um framteljanda

Skýrslan ásamt persónuframtali berist 0010

Skýrslu þessari skal skilað ásamt persónuframtali (RSK 1.01) á næstu starfsstöð ríkisskattstjóra eða rafrænt á þjónustusiðunni skattur.is.

Nafn - pósthfang 0040

Hér skal færa nafn og pósthfang framteljanda (þ.e. nafn og pósthfang einstaklings en ekki firma).

Kennitala 0020

Hér skal færa kennitölu framteljanda (þ.e.

kennitölu einstaklings en ekki firma). Kennitala þarf að koma fram á öllum fylgigögnum skattframtals.

Sveitarfélag 0030

Hér skal færa nafn og númer þess sveitarfélags, þar sem framteljandi átti lögheimili hinn 31. desember 2012.

Númer atvinnugreinar (ÍSAT 2008) 0200

Hér skal færa númer atvinnugreinar, skv. skilgreiningu Hagstofu Íslands (ÍSAT 2008). Þetta númer kemur t.d. fram á virðisauka-

skattsskýrslum ársins 2012. Hér er beðið um númer skv. nýrri atvinnugreinaflokkun, ÍSAT 2008, sem tók gildi 1. janúar 2008.

Virðisaukaskattsnúmer 0220

Hér skal færa virðisaukaskattsnúmer framteljanda. Ef hann er með fleiri en eitt númer, á hér að koma fram það númer sem stærstur hluti veltunnar fellur undir.

Atvinnugrein, heiti 0203

Hér skal færa tegund þeirrar starfsemi sem framteljandi hefur með höndum. Dæmi: „Lækni“, „Akstur leigubíls“.

Rekstur – Tekjur

Í þennan kafla skal færa allar tekjur, aðrar en þær sem sundurliða skal í reit 3633, en þar er um að ræða vaxtatekjur, gengishagnað og aðrar fjármunatekjur.

Tekjur skulu tilgreindar brúttó, þ.e. án nokkurs frádráttar, með vörugjaldi en án virðisaukaskatts, sundurliðaðar eins og reitirnir gefa til kynna. Frádráttur færast sem gjöld í gjaldakafla framtalsins.

Sundurliðun í reitum 1015 til 1040 miðast við sundurliðun tekna m.t.t. virðisaukaskatts, þó án frádráttar vegna tapaðra viðskiptakrafna. Sá frádráttur færast í gjaldakafla framtalsins, í reit 2503. Söluhagnað og aðrar tekjur ber að færa í reiti 1050 og 1060, sbr. leiðbeiningar við þá reiti.

Virðisaukaskattsskyld sala (25,5% og 7%) 1015 og 1025

Í reit 1015 skal færa skattskylda veltu í 25,5% skattþrepi virðisaukaskatts og í reit 1025 skal færa skattskylda veltu í 7% skattþrepi. Virðisaukaskattur leggst á viðskipti innanlands á öllum stigum. Skattskyldusvið laga um virðisaukaskatt nær til sölu eða afhendingar á vörum og verðmætum, vinnu og þjónustu, nema sérstökum undanþágum sé til að dreifa.

Í reiti 1015 og 1025 færast m.a.:

- Úttekt til eigin nota sbr. 11. gr. laga um virðisaukaskatt.
- Innáborganir fyrir afhendingu sbr. 13. gr. laga um virðisaukaskatt.
- Reiknað skattverð skv. reglugerðum 562/1989, 576/1989 og 248/1990.

- Skattverð rekstrarfjármuna þegar fyrirtæki hættir rekstri sbr. 11. gr. laga um virðisaukaskatt.

Ekki skal lækka virðisaukaskattsskylda veltu í þessum reitum vegna tapaðra viðskiptakrafna, heldur skal gera grein fyrir þeim í reit 2503 í gjaldakafla framtalsins.

Velta undanþegin virðisaukaskatti (12. gr.) 1030

Hér á að færa allar tekjur af virðisaukaskattsskyldri starfsemi sem undanþegnar eru skv. 1., 2. og 4. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt, t.d. vegna útflutnings. Í þessum tilvikum reiknast ekki útskattur á tiltekna sölu eða afhendingu, þótt innskattaréttur vegna öflunar aðfanga í tengslum við þessa sölu eða afhendingu sé fyrir hendi. Oft er því talað um að í þessum tilvikum reiknist „núllskattur“.

Við færslu á tekjum í þennan reit er nauðsynlegt að gera greinarmun á **starfsemi** sem undanþegin er virðisaukaskattsskyldu annars vegar og **veltu** sem undanþegin er virðisaukaskatti hins vegar.

Hér færast ekki tekjur af þeirri starfsemi sem fellur utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts skv. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Slíkar tekjur færast í reit 1040.

Hér færast heldur ekki þær tekjur sem ekki bera virðisaukaskatt af öðrum sökum. Slíkar tekjur færast í reit 1060, nema söluhagnaður sem færast í reit 1050.

Velta í starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti (2. gr.) 1040

Hér á að færa allar tekjur af starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Hér gæti t.d. verið um að ræða kennslu og heilbrigðisþjónustu.

Við færslu á tekjum í þennan reit er nauðsynlegt að gera greinarmun á **starfsemi** sem undanþegin er virðisaukaskattsskyldu annars vegar og **veltu** sem undanþegin er virðisaukaskatti hins vegar.

Hér skal ekki færa tekjur af sölu eða afhendingu í þeim tilfellum þar sem veltan í virðisaukaskattsskyldri starfsemi er undanþegin virðisaukaskatti, t.d. vegna útflutnings. Slíkar tekjur færast í reit 1030. Hér færast heldur ekki þær tekjur sem ekki bera virðisaukaskatt af öðrum sökum. Slíkar tekjur færast í reit 1060, nema söluhagnaður sem færast í reit 1050. Verið getur að framteljandi hafi bæði með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi og starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Starfsemi hans er þá sögð **blönduð**. Í þennan reit færast þá eingöngu sú sala eða afhending sem undanþegin er skv. umræddu lagaákvæði.

Minnt skal á að þeir sem eru með blandaða starfsemi þurfa að fylla út og standa skil á eyðublaði RSK 10.27 Afstemming virðisaukaskatts vegna blandaðrar starfsemi.

Söluhagnaður 1050

Í þennan reit skal færa hvers konar söluhagnað af eignum sem seldar voru á rekstrarárinu, öðrum en hlutabréfum og verðbréfum, skv. útreikningi á eignaskrá RSK 4.01. Bent skal á að sölutap færist í reit 3120 og söluhagnaður, sem frestað er til skattlagningar, færist í reit 4030. Söluhagnaður frá fyrri árum, sem frestað hefur verið og kemur til skattlagningar nú, færist til tekna í reit 4040.

Aðrar tekjur 1060

Hér skal færa þær tekjur í rekstrinum sem ekki hefur verið gerð grein fyrir í öðrum

tekjureitum hér að framan og sem ekki bera virðisaukaskatt.

Sem dæmi um tekjur sem falla undir þennan reit má nefna:

- Bætur og styrki.
- Sölu á vörum sem keyptar hafa verið eða notaðar í þeim tilgangi eingöngu er um ræðir í 3. mgr. 16. gr. laga um virðisaukaskatt, enda hafi þær ekki verið eignfærðar.
- Rekstrartekjur þeirra sem undanþegnir eru virðisaukaskattsskyldu skv. 4. gr. laga um virðisaukaskatt, t.d. tekjur vegna höfundarlauna, einkaleyfistekjur og tryggingabætur.

- Rekstrartekjur þeirra sem eru undir veltumörkum skv. 4 gr. laga um virðisaukaskatt.

Hér færast ekki vaxtatekjur sem færast í reit 3633. Athygli er vakin á mun tekna sem færa á í reit 1060 og í reiti 1040 og 1030. Í reit 1060 fara tekjur sem hafa einkenni þess að vera aukatekjur í rekstrinum eða tilfallandi tekjur.

Sundurliða á fjárhæð í þessum reit í sundurliðunarkafli á bakhlíð eyðublaðsins.

Rekstrartekjur samtals 1090

Hér kemur samtala reita 1015 til 1060.

Rekstur – Gjöld

Birgðir í upphafi árs 3013

Undir þennan reit skal færa allar birgðir í upphafi árs, sem er sama fjárhæð og færð var til eignar á efnahagsreikningi með framtali fyrra árs.

Vörukaup 2153

Í þennan reit skal færa innkaupsverð allrar vöru til endursölu og hráefna til vinnslu.

Birgðir í lok árs 3023

Undir þennan reit skal færa allar birgðir í lok árs. Þetta er sama fjárhæð og er í reit 5123.

Vörunotkun/efnisnotkun 3028

Hérna færast samtalan úr reitum 3013 + 2153 - 3023.

Aðkeypt vinna og þjónusta til endursölu 2173

Í þennan reit skal færa kostnað vegna aðkeyptrar vinnu og þjónustu (undir) verktaka, til endursölu. Hér getur bæði verið um að ræða efni og vinnu, þegar efnið og vinnan mynda hluta af seldri vöru og/ eða þjónustu rekstrarins. Hér eru meðtalin t.d. kaup á vinnu undirverktaka við byggingarframkvæmdir (til sölu), aðkeypt viðgerðarþjónusta sem seld er aftur sem hluti útseldrar viðgerðarþjónustu, aðkeypt vinna af sjálfstætt starfandi lögmönnum í rekstri lögfræðistofu eða aðkeypt vinna af sjálfstætt starfandi endurskoðendum í rekstri endurskoðunarstofu. **Gefa skal út launamiða fyrir aðkeypta vinnu og þjónustu.**

Reiknað endurgjald 3080

Í þennan reit skal færa reiknað endurgjald (reiknuð laun) vegna vinnu manns við eigin atvinnurekstur og fyrir vinnu maka eða barna innan 16 ára aldurs við atvinnureksturinn. Athugið að laun barna sem orðin eru 16 ára teljast aldrei reiknað endurgjald, heldur eiga að færast sem greidd laun í reit 3033.

Bent skal á að skv. A-lið 7. gr. skattalaga eiga menn sem vinna við eigin atvinnurekstur að reikna sér til tekna endurgjald fyrir starf sitt, sem er eigi lægra og hefðu menn innt það af hendi fyrir óskyldan og ótengdan aðila. Til að ákvarða laun þessi ber að taka mið af tegund vinnu og viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald.

Reiknað endurgjald í reit 3080 skal færa yfir á samræmingarblað RSK 4.05 og þaðan í reit 24 á persónuframtali. Sé um skiptingu reiknaðs endurgjalds á maka eða börn að ræða, skal gera grein fyrir henni í viðeigandi reitum á samræmingarblaði.

Laun 3033

Í þennan reit skal færa öll laun, sem greidd eru launamönnum, þ.e. þau laun sem færa ber í reit 02 á launamiðum, dagpeninga til launamanna, sem færa ber í reit 17 á launamiða og ökutækjastyrki, sem færa ber í reit 16 á launamiða, sbr. leiðbeiningar um útfyllingu launamiða. Hér með teljast eftirlaun og lífeyrir og hvers konar hlunnindi og aðrar greiðslur til launamanna.

Vakin er athygli á skyldu til útgáfu launamiða.

Mótframlag í lífeyrissjóð 3085

Hér færast mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð starfsmanna. Athugið að öll tillög í lífeyrissjóð (þ.e. hlutur launagreiðanda) færast hér, en ekki í reit 3090.

Önnur launatengd gjöld 3090

Í þennan reit skal færa útgjöld vegna launamanna, önnur en mótframlag í lífeyrissjóð, sem reiknast af launum eða á annan hátt miðast við laun. Hér á meðal eru t.d. tillög til sjúkratrygginga, tryggingagjald og önnur hliðstæð gjöld.

Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður 2093

Hér skal færa kostnað hjá framleiðslufyrirtækjum við framleiðslu á vörum fyrirtækisins, annan en hráefniskostnað og laun. Hér er t.d. um að ræða óbeinan framleiðslukostnað sem ekki færast annars staðar.

Einnig færast hér rekstrarvara ýmiss konar, þar með talið efni sem ekki verður hluti af afurðinni. Dæmi um atvinnugreinar þar sem þetta getur átt við eru fiskveiðar, þjónustuiðnaður, bifreiðarekstur o.s.frv. Í þennan reit færast einnig innfluttar rekstrarvörur.

Dæmi um gjaldaliði:

- Umbúðir (verslana og framleiðslufyrirtækja).
- Rafmagn (til framleiðslu).
- Heitt vatn (til framleiðslu).
- Eldsneyti á ökutæki, vinnuvélar og báta.
- Veiðarfæri.

- Beita.
- Sagarblöð.
- Þvottaefni (vegna seldrar þjónustu).

Rekstrarkostnaður húsnæðis 2243

Í þennan reit skal færa rekstrarkostnað fasteigna í rekstrinum, annan en viðhald. Hér getur t.d. verið um að ræða kostnað vegna þrifa, öryggisgæslu, trygginga, vatns, rafmagns, hita o.s.frv. Hér skal einnig færa skatta sem eru lagðir á fasteignir í rekstri framteljanda á rekstrarárinu, fasteignagjöld (fasteignaskattur, lóðarleiga, vatnsskattur) o.fl.

Gefa skal út launamiða fyrir aðkeypta vinnu og þjónustu.

Húsaleiga 2193

Í þennan reit skal færa leigu á hvers konar fasteignum. Hér á meðal er leiga fyrir skrifstofuhúsnæði, verslunarhúsnæði, iðnaðarhúsnæði, lagerhúsnæði o.s.frv. Einnig færast hér leiga fyrir ýmiss konar aðstöðu, s.s. leiga á sal, geymslurými, aðstöðu í tollvörugeymslu og fleira þess háttar.

Ekki er heimilt að gjaldfæra reiknaða leigu vegna afnota af eigin húsnæði.

Gefa skal út greiðslumiða (RSK 2.02) fyrir greidda húsaleigu.

Gjaldfærð smááhöld og búnaður 2423

Í þennan reit skal færa þá rekstrarfjármuni sem gjaldfærðir eru (en ekki eignfærðir og afskrifaðir).

Bent skal á að ef eignir og eignasamstæður eru yfir viðmiðunarmörkum 39. gr. skattalaga (kr. 250.000 á rekstrarárinu 2012) er ekki heimilt að gjaldfæra eignina, heldur ber að eignfæra hana og fyrna.

Viðhald og viðgerðir 2443

Hér skal færa viðgerðar- og viðhaldskostnað eigna í rekstrinum, fasteigna og lausafjár, annarra en fólksbifreiða sem bæði eru notaðar í rekstri og til einkanota.

Rekstrarkostnaður slíkra bifreiða færast á eyðublað RSK 4.03 (Rekstraryfirlit fólksbifreiðar).

Gefa skal út launamiða fyrir aðkeypta vinnu og þjónustu. Athygli er vakin á mismun á viðhaldi og endurbótum. Viðhald telst það sem gera þarf til þess að halda eignunum í svipuðu ástandi og þær voru í, þegar rekstraraðili eignaðist þær, hvort heldur þær voru þá gamlar eða nýjar.

Ýmis aðkeypt þjónusta 2353

Í þennan reit skal færa aðkeypta vinnu verktaka, sem ekki er til endursölu. Hér getur t.d. verið um að ræða aðkeypta bókhaldsþjónustu, tölvuvinnslu, endurskoðun, innheimtu- og lögfræðipjónustu og sölupjónustu (sölulaun). Einnig færast hér aðkeyptur akstur.

Gefa skal út launamiða fyrir slíki aðkeyptri þjónustu.

Ýmis skrifstofukostnaður 2383

Í þennan reit skal færa allan skrifstofu- og stjórnunarkostnað, t.d. kostnað við ritföng, pappír og prentun. Hér undir geta til dæmis fallið eftirtaldir kostnaðarliðir:

- Tölvukostnaður, annar en aðkeypt tölvuþjónusta sem færast í reit 2353.
- Tryggingar sem ekki eru taldar annars staðar, s.s. rekstrarstöðvunartygging, ábyrgðir o.s.frv.
- Símakostnaður og pósturðargjöld.
- Félagsgjöld til atvinnurekendafélaga.

Lausafjárleiga, fjármögnunarleiga o.fl. 2403

Í þennan reit skal færa allar leigugreiðslur fyrir hvers konar eignir og eignaréttindi tengd rekstri, aðrar en leigu fyrir fasteignir sem færast í reit 2193. Hér færast því leiga hvers konar lausafjár, s.s. vélaleiga, tækjaleiga o.s.frv. Leiga á skammtímakvóta í fiskveiðum fellur einnig hér undir. Þá færast hér leigugreiðslur vegna fjármögnunarleigu.

Athuga þarf muninn á kaupleigu og fjármögnunarleigu í þessu tilliti, þar sem kaupleigusamninginn ber að skuldfæra og leiguhlutur eignfærast. Ef um er að ræða hlut, sem tekinn hefur verið á kaupleigu og því verið eignfærður og fyrndur í reikningshaldi, færast leigugreiðsla **ekki** hér.

Sölu- og auglýsingar, auglýsingar o.fl. 2263

Í þennan reit skal færa kostnað við sölu á vörum fyrirtækisins. Hér getur verið um að ræða t.d. auglýsingar, vörusýnishorn, smávarning í auglýsingaskyni (þenna, öskubakka o.s.frv.), útstillingar, vörusýningar, kostun og verðlista. Flutningskostnaður vegna seldra vara fellur **ekki** hér undir.

Risna og gjafir til viðskiptamanna, styrkir o.s.frv. 3163

Í þennan reit skal færa kostnað vegna risnu

og gjafa til viðskiptamanna. Einnig skal færa hér styrki, gjafir og framlög til menningarmála, líknanstarfsemi, stjórnmalaflokka o.fl. Sá frádráttur takmarkast við 0,5% af tekjum sbr. 2. tl. 31. gr. skattalaga.

Ferðakostnaður 2333

Í þennan reit skal færa ferðakostnað, annan en laun og dagpeninga, vegna ferða á vegum rekstrarins. Hér getur t.d. verið um að ræða útgjöld vegna farmiða, gistingar, upphalds og bílaleigubíla.

Athygli er vakin á því að gjaldfærsla kostnaðar getur **ekki** byggst á greiðsluyfirlitum, s.s. greiðslukortayfirlitum eða gjaldeyriskaupakvittunum.

Bifreiðakostnaður skv. RSK 4.03 3140

Í þennan reit skal færa kostnað vegna fólksbifreiðar, sem bæði er notuð í eigin þágu og í þágu atvinnurekstrar. Heildarkostnaður við rekstur slíkra bifreiða skal tilgreindur og sundurliðaður með þeim hætti sem gert er ráð fyrir á eyðublaði RSK 4.03. Bifreiðakostnaði skal skipt milli einkanota og atvinnurekstrar í samræmi við reglur sem þar koma fram. Hér færast því aðeins sá hluti kostnaðar sem stafar af atvinnurekstri. Yfirliti yfir rekstur og kostnað hverrar einstakrar fólksbifreiðar, þ.e. eyðublaði RSK 4.03, skal skila með skattframtali.

Annar bifreiðakostnaður 2283

Í þennan reit skal færa rekstrarkostnað bifreiða (annarra en einkabifreiða) og annarra flutningatækja í rekstrinum, annan en fyrninging og fjármagnskostnað. Hér getur bæði verið um að ræða kostnað vegna leigðra bíla (frá bílaleigu) og bíla í eigu rekstraraðilans sjálfs, annarra en fólksbifreiða. Um getur verið að ræða t.d. bensín, olíu, tryggingar, viðhald, skatta o.s.frv.

Undir þennan lið fellur hvorki aðkeyptur akstur, sem færast í reit 2353, né leigugreiðslur vegna fjármögnunarleigu, sem færast í reit 2403. Ef starfsemi framteljanda felst í rekstri bifreiða, s.s. leigubifreiða, bifreiða í bílaleigu o.s.frv., skal rekstrarkostnaður bifreiðanna ekki færast í þennan reit, heldur skal skipta honum niður á einstaka reiti þessa eyðublaðs eftir tegund útgjalda.

Ef atvinnurekstrartæki er einnig notað í eigin þágu, ber að bakfæra í reit 4400 gjaldfærðan kostnað þess hlutfallslega sem nemur einkaafnotum.

Fyrningar 3130

Í þennan reit skal færa fyrningar eigna skv. eignaskrá, RSK 4.01, sem fylgja skal framtali, þ.e. almennar fyrningar og niðurfærslu eigna.

Bent skal á að ef kostnaðarverð eigna og eignasamstæðna er yfir viðmiðunarmörkum 39. gr. skattalaga (kr. 250.000 á rekstrarárinu 2012) er ekki heimilt að gjaldfæra eignina, heldur ber að eignfæra hana og fyrna.

Aukafyrningar 4070

Hér eru færðar aukafyrningar skv. eignaskrá, RSK 4.01, sem fylgja skal framtali, þ.e. samtala úr dálki 11 „Aukafyrning ársins“.

Afskrifaðar viðskiptakröfur 2503

Í þennan reit skal færa afskriftir viðskiptakrafna vegna sölu á vöru og/eða þjónustu,

sem uppfylla skilyrði til frádráttar skv. skattalögum. Fjárhæðirnar sem hér færast skulu vera án virðisaukaskatts og upphæðirnar þær sömu og miðað skal við á virðisaukaskattsskýrslum.

Skattaleg niðurfærsla viðskiptakrafna (5%) færast ekki hér, heldur færast niðurfærslan í upphafi reikningsárs í reit 4090 og niðurfærslan í lok reikningsárs í reit 4091.

Sölutap 3120

Hér skal færa tap af seldum eignum á árinu, öðrum en hlutabréfum og öðrum verðbréfum, skv. útreikningi á eignaskrá RSK 4.01.

Ýmis annar kostnaður 2533

Undir þennan reit fellur kostnaður sem ekki er gert ráð fyrir að færast í aðra reiti.

Sundurliða á fjárhæð í þessum reit í sundurliðunarkafnanum á bakhlíð eyðublaðsins.

Gert er ráð fyrir því að framteljendur reyni að finna sem allra flestum kostnaðarliðum stað í öðrum reitum, eftir því sem unnt er, og noti því þennan reit sem minnst.

Rekstrargjöld samtals 3590

Hér færast samtala gjaldareitanna á undan, þ.e. reita 3028 til 2533.

Rekstrartekjur mínus rekstrargjöld 3600

Hér færast mismunur rekstrartekna samtals í reit 1090 og rekstrargjalda samtals í reit 3590. Ef fjárhæðin er neikvæð skal gefa henni mínusformerki.

Rekstur – Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur 3633

Í þennan reit skal færa allar vaxtatekjur rekstrarins. Vaxtatekjur skulu færðar án frádráttar fjármagnstekjuskatts.

Hér skal einnig færa gengishagnað af hvers konar eignum og/eða skuldum í erlendum gjaldmiðli.

Í þennan reit skal einnig færa tekjur af eignum, sem ekki skal færa í aðra reiti. Hér á meðal er t.d. arður af hlutafjáreign. Arður er færður án frádráttar fjármagnstekjuskatts.

Hér færast söluhagnaður hlutabréfa og annarra verðbréfa í rekstrinum.

Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld 3653

Í þennan reit skal færa allan vaxtakostnað rekstrarins. Hér skal einnig færa gengistap af hvers konar eignum og/eða skuldum í erlendum gjaldmiðli.

Í þennan reit skal einnig færa allan fjármagnskostnað rekstrarins, sem ekki skal færa í aðra reiti, þ.m.t. þjónustugjöld og

innheimtukostnað banka og greiðslukortafyrirtækja, þinglýsinga og stimpilkostnað.

Hér færast sölutap hlutabréfa og annarra verðbréfa í rekstrinum.

Hagnaður/tap ársins af rekstri 3990

Hér skal færa niðurstöðutölu úr reit 3600 að viðbættum eða frádragnum fjármagnsliðum og öðrum liðum hér að framan. Ef fjárhæðin er neikvæð skal gefa henni mínusformerki.

Rekstur – Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir

Dreifing tekjufærslu áður frestaðra tekna skv. 60. gr. 4010

Með lögum nr. 128/2009 (11. gr.) var felld úr gildi heimild í 60 gr. skattalaga til frestunar tekjufærslu vegna sölu á þjónustu, ef vinnuþáttur hinnar seldu þjónustu var almennt yfir 70% heildartekna í viðkomandi atvinnugrein. Með 19. gr. laga nr. 165/2010 var síðan veitt heimild til að færa til tekna með jöfnum hætti á þremur árum uppsafnaða fjárhæð sem

áður hafði verið frestað að færa til tekna skv. 60. gr. skattalaga.

Í þennan reit má því færa 1/3 af þeim frestuðu tekjum sem færðar voru í reit 4011 á skattframtali 2010.

Niðurfærsla viðskiptakrafna í upphafi árs skv. skattalögum 4090

Hér er færð sú skattalega niðurfærsla viðskiptakrafna og lánveitinga sem beint

tengjast rekstrinum (5%), sem heimiluð er í 2. mgr. 3. tl. 31. gr. skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í upphafi reikningsárs, sem er sama fjárhæð og færð var til lækkunar eigna á framtali síðasta árs.

Niðurfærsla viðskiptakrafna í lok árs skv. skattalögum 4091

Hér er færð sú skattalega niðurfærsla viðskiptakrafna og lánveitinga sem beint tengjast rekstrinum (5%), sem heimiluð er

í 2. mgr. 3. tl. 31. gr. skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í lok reikningsárs. Þetta er sama fjárhæð og í reit 7103.

Niðurfærsla birgða í upphafi reikningsárs skv. skattalögum 4092

Hér er færð sú skattalega niðurfærsla birgða (5%), sem heimiluð er í 4. tl. 31. gr. skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í upphafi reikningsárs, sem er sama fjárhæð og færð var til lækkunar eigna á framtali síðasta árs.

Niðurfærsla birgða í lok reikningsárs skv. skattalögum 4093

Hér er færð sú skattalega niðurfærsla birgða (5%), sem heimiluð er í 4. tl. 31. gr. skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í lok reikningsárs. Þetta er sama fjárhæð og í reit 7105.

Frestun söluhagnaðar 4030

Ef óskað er eftir að skattlagningu á söluhagnaði verði frestað, færast sá hluti söluhagnaðar sem óskað er frestunar á í þennan reit (en hann á allur að hafa verið

færður til tekna í reit 1050 á framtalinu). Útreikningur á söluhagnaði skal sýndur á eignaskrá RSK 4.01 sem fylgja á framtali eða á sérstöku yfirliti um kaup og sölu eigna.

Tekjufærsla söluhagnaðar frá fyrri árum 4040

Frestaður söluhagnaður frá fyrri árum, sem kemur til skattlagningar nú, færast í þennan reit.

Álag vegna frestaðs söluhagnaðar 4130

Í þennan reit skal færa álag á frestaðan söluhagnað frá fyrri árum (sem tekjufærður er í reit 4040). Ef tilskilinna eigna var ekki aflað telst söluhagnaðurinn, sbr. 14. gr. og 6. mgr. 15. gr. skattalaga, með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því er hann myndaðist, að viðbættu 10% álagi.

Leiðréttingar skv. sundurliðun 4400

Hér skal færa aðrar skattalegar leiðréttingar sem gera þarf á hagnaði/tapi í reit 3990 til

að út komi réttar tekjur til skatts í reit 4990, þegar niðurstöðutala rekstrar samkvæmt bókhaldi (sbr. reit 3990) er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

Sundurliðun þessara leiðréttinga skal færa í sundurliðunarkaflið á bakhlíð eyðublaðsins.

Hreinar tekjur/yfirfæranlegt tap til næsta árs 4990

Hér færast samtala reitanna á undan, þ.e. reita 3990 til 4400. Hreinar tekjur (hagnað) í reit 4990 skal færa yfir á samræmingarblað og þaðan í reit 62 á persónuframtali, að teknu tilliti til yfirfæranlegs taps frá fyrri árum, sem haldið skal utan um á samræmingarblaðinu. Rekstrartap í reit 4990 skal færa yfir á samræmingarblað, en það skal ekki færa yfir á persónuframtal.

Tekið skal tillit til formerkja í reitum. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

Efnahagur – Eignir

Eignir og skuldir skulu tilgreindar og sundurliðaðar eins og reitir eyðublaðsins gefa til kynna. Misræmi á milli bókhalds og skattalaga á að leiðrétta í reit 7190.

Sjóður, bankainnstæður og annað reiðufé 5160

Í þennan reit skal færa handbært fé í rekstri í lok reikningsársins, þ.m.t. innstæður sem ekki eru bundnar til lengri tíma en eins árs. Hér getur m.a. verið um að ræða eftirtalda liði:

- Sjóð.
- Bankainnstæður.
- Innstæður á ávísanareikningum.

Þessi reitur getur ekki tekið neikvætt gildi. Ef yfirdráttur er á ávísanareikningi, þá skal hann færður í reit 6843 Aðrar skuldir.

Birgðir 5123

Hér skal færa allar birgðir í lok rekstrarárs. Hér færast því t.d. vörubirgðir verslana, sem ætlaðar eru til endursölu, verk í vinnslu og fullunnar vörur.

Birgðir skal telja til eignar á kostnaðar eða framleiðsluverði eða dagverði í lok

reikningsárs, að frádregnum afföllum á gölluðum og úreltum vörum. Hjá virðisaukaskattskyldum aðilum færast birgðir án virðisaukaskatts.

Fjárhæð í þessum reit skal stemma við reit 3023 á rekstrarhlíð eyðublaðsins.

Viðskiptakröfur 5130

Í þennan reit skal færa þær viðskiptakröfur sem myndast hafa við sölu á vöru og þjónustu í rekstrinum, en ekki hafa fengist greiddar í lok rekstrarárs.

Hér kæmi því t.d. inneign hjá greiðslukortafyrirtækjum og viðskiptavíxlum.

Aðrar peningalegar eignir 5143

Hér færast aðrar peningalegar eignir sem ekki færast í aðra reiti hér að framan, svo sem inneign virðisaukaskatts, bundnar bankainnstæður, langtímakröfur, fyrirframgreiðslur og skuldabréf.

Varanlegir rekstrarfjármunir skv. eignaskrá 5028

Hér skal færa samtölu bókfærðs verðs allra varanlegra rekstrarfjármuna skv. eignaskrá

RSK 4.01, sem fylgja á framtali. Hér er um að ræða bæði fyrnanlegar og ófyrnanlegar eignir, efnislegar og óefnislegar.

Dæmi um eignir sem hér falla undir eru:

- Fasteignir, þ.e. mannvirki, lóðir og fasteignaréttindi.
- Bátar og fylgihlutir.
- Bifreiðar og flutningatæki.
- Vélar og framleiðslutæki.
- Innréttingar og búnaður, verkfæri og áhöld.
- Stofnkostnaður.
- Viðskiptavild.

Aðrar eignir 5173

Hér skal færa aðrar eignir í rekstrinum, sem ekki falla undir neitt af ofangreindu.

Eignir samtals 5990

Hér ber að færa samtölu eigna í reitum 5160 til 5173 að ofan.

Efnahagur – Skuldir

Viðskiptaskuldir 6800

Í þennan reit skal færa allar viðskiptaskuldir, t.d. skuldir við birgja og skuldir við flutningsaðila.

Ógreiddur virðisaukaskattur 6825

Hér skal færa ógreiddan virðisaukaskatt í lok reikningsárs. Inneign virðisaukaskatts á hins vegar að færa í reit 5143.

Skuldir við lánastofnanir 6841

Hér skal færa skuldir við banka og sparisjóði og aðrar lánastofnanir í árslok.

Aðrar skuldir 6843

Hér skal færa allar skuldir í rekstrinum, sem ekki eru taldar annars staðar, s.s.:

- Yfirdráttarlán.
- Fyrirframinnheimtar tekjur.
- Ógreidd laun.
- Veðskuldir.
- Ýmis áfallinn en ógreiddur kostnaður.
- Ógreidd opinber gjöld.

Bent skal á að hér skal aðeins telja þær skuldir sem beint tengjast rekstrinum, en ekki einkaskuldir framteljanda.

Skuldir samtals 6990

Hér ber að færa samtölu skulda í reitum 6800 til 6843 að ofan.

Efnahagur – Eigið fé

Eigið fé í ársbyrjun (mismunur eigna og skulda frá fyrra ári) 6310

Hér skal færa eigið fé í ársbyrjun eins og það var í lok síðasta reikningsárs. Með eigin fé er hér átt við mismun á eignum og skuldum í rekstri.

Ef fjárhæðin er neikvæð (skuldir eru hærri en eignir) skal gefa henni mínusformerki.

Hagnaður/tap ársins af rekstri 6320

Hér skal færa niðurstöðutölu úr reit 3990. Ef fjárhæðin er neikvæð (tap) skal gefa henni mínusformerki.

Reiknað endurgjald 6330

Í þennan reit skal færa fjárhæð reiknaðs endurgjalds, sem fram kemur í reit 3080.

Úttekt eða framlag eiganda 6383

Í þennan reit skal færa eigin úttekt eða framlag eiganda. Um getur verið að ræða úttekt eða framlag í reiðufé, vörum, þjónustu eða á öðru formi. Ef um er að ræða úttekt, þarf að gefa fjárhæðinni mínusformerki.

Athygli er vakin á því að fjárhæð þessi á að vera jöfn mismun á fjárhæð í reit 7000 og fjárhæðum í reitum 6310 til 6413. Úttekt eða framlag eiganda er hægt að sannreyna með eftirfarandi útreikningi:
 $6383 = 7000 - (6310 + 6320 + 6330 + 6413)$

Aðrar breytingar á eigin fé 6413

Hér skal færa breytingar á eigin fé, aðrar en þær sem eiga að koma fram í reitum 6310 til 6383. Breytingar eigin fjár sem leiða til hækkunar færast sem + (plús) fjárhæð, en breytingar sem leiða til lækkunar færast sem - (mínus) fjárhæð.

Eigið fé í árslok (mismunur eigna og skulda) 7000

Hér skal færa eigið fé í árslok, þ.e. samtölu reita 6310 til og með 6413. Fjárhæðin á að stemma við mismun eigna í reit 5990 og skulda í reit 6990.

Ef fjárhæðin er neikvæð (skuldir eru hærri en eignir) skal gefa henni mínusformerki.

Efnahagur – Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir

Niðurfærsla viðskiptakrafna 7103

Hér er færð sú skattalega niðurfærsla viðskiptakrafna og lánveitinga sem beint tengjast rekstrinum (5%), sem heimiluð er í 2. mgr. 3. tl. 31. gr. skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í lok reikningsárs. Þetta er sama fjárhæð og í reit 4091.

Niðurfærsla birgða 7105

Hér er færð sú skattalega niðurfærsla birgða (5%), sem heimiluð er í 4. tl. 31. gr.

skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í lok reikningsárs. Þetta er sama fjárhæð og í reit 4093.

Bókfært verð húsa og lóða 7033

Til þess að ná fram rétttri eign til skatts (þar sem fasteignir skal færa á fasteignamatsverði), þá skal hér færa til frádráttar bókfært verð húsa og lóða skv. efnahagsreikningi, þ.e. fjárhæðir slíkra eigna úr dálki 12 á eignaskrá RSK 4.01 sem fylgja skal framtalinu. Fasteignamat viðkomandi fasteigna

er síðan fært inn í reit 7050, til að ná inn réttu mati fasteigna til skatts.

Hér skal færa heildarfjárhæð bókfærðs verðs fasteigna en ekki einungis mismun á bókfærðu verði og fasteignamati.

Fasteignamat húsa og lóða 7050

Þar sem fasteignir skal færa á fasteignamatsverði til skatts, sbr. 1. tl. 73. gr. skattalaga, skal hér færa inn fasteignamat þeirra til þess að ná fram rétttri eign til skatts. Í reit 7033 á að draga frá bókfært

verð fasteigna og í þessum reit skal síðan fasteignamat sömu fasteigna fært inn.

Þær fasteignir, sem ekki hafa fengið fasteignamat, skal telja til eignar á stofnverði, að frádregnum fyrningum og teknu tilliti til verðbreytinga, eða á áætluðu fasteignamatsverði sambærilegra eigna, hvort sem hærra er, skv. 2. másl. 1. tl. 73. gr. skattalaga. Sama á við um byggingarkostnað, sem ekki hefur komið inn í fasteignamat. Afgjaldskvaðarverðmæti, sem er 15-föld lóðarleiga ársins, kemur til lækkunar á matsverði í þessum reit.

Hér skal færa heildarfjárhæð fasteignamats en ekki einungis mismun á fasteignamati og bókfærðu verði.

Leiðréttingar skv. sundurliðun 7190

Í þessum reit skal gera aðrar þær skattalegar leiðréttingar, sem þörf er á, til þess að færa hreina eign samkvæmt bókhaldi til

réttrar eignar til skatts. Leiðréttingar sem hækka stofn til skatts færast sem + (plús) fjárhæðir en leiðréttingar sem lækka stofn til skatts færast sem - (mínus) fjárhæðir.

Sundurliðun þessara leiðréttinga skal færa í sundurliðunarkaflið á bakhlið eyðublaðsins.

Hrein eign / skuldir umfram eignir 7990

Hér kemur hrein eign eða skuldir umfram eignir, þ.e. eigið fé í reit 7000 að teknu tilliti til skattalegra leiðréttinga í reitum 7020 til og með 7190. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

Hreina eign í reit 7990 skal færa yfir á samræmingarblað og þaðan í reit 01 á persónuframtali. Skuldir umfram eignir í reit 7990 skal einnig færa yfir á samræmingarblað og þaðan í reit 165 á persónuframtali.

Staðgreiðsla fjármagnstekju-skatts af arði 9000

Í þennan reit kemur sú fjárhæð sem framteljandi hefur greitt í staðgreiðslu af arðstekjum sínum á árinu.

Staðgreiðsla fjármagnstekju-skatts af vöxtum 9010

Í þennan reit kemur sú fjárhæð sem framteljandi hefur greitt í staðgreiðslu af vaxtatekjum sínum á árinu.

Staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum í rekstri (vöxtum og arði) í reitum 9000 og 9010 skal færa yfir á samræmingarblað og þaðan í reit 309 á persónuframtali.

Sundurliðun á reitum 1060, 2533, 4400 og 7190

Í þessari töflu skal sýna sundurliðun á leiðréttingum í reitum 1060, 2533, 4400 og 7190. Fyrst kemur reitanúmer þess reits sem verið er að sundurliða í dálkinn „Reita-

númer“ (t.d. 4400). Hvern þessara fjögurra reita má sundurliða eins mikið og þörf er á. Í dálkinn „Upphæð“ færast síðan sú fjárhæð sem verið er að tilgreina og í dálkinn „Skýr-

ing“ kemur útskýring á því hvaða fjárhæð um er að ræða í hverju tilfalli.

Athugasemdir

Hér getur framteljandi komið að ýmsum athugasemdum sínum eða skýringum varðandi framtalsgerðina.

Dæmi um færslu nokkurra rekstrarliða í völdum atvinnugreinum

Hér eru sýnd dæmi um í hvaða reiti nokkrir rekstrarliðir eru færðir á RSK 4.11

í nokkrum völdum atvinnugreinum. Tekið skal fram að hér er alls ekki um að ræða

þæmandi upptalningu á kostnaðarliðum í viðkomandi atvinnugreinum.

Dagmæður

Tekjur vegna barnagæslu	1040 Velta í starfsemi sem undanþegin er vsk.
Fæði barna	2093 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður
Föndurvörur	2093 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður
Leikföng	2423 Gjaldfærð smááhöld og búnaður

Leigubílstjórar / Sendibílstjórar

Leigubílstjórar – útseldur akstur	1040 Velta í starfsemi sem undanþegin er vsk.
-----------------------------------	---

Sendibílstjórar – útseldur akstur	1015 Virðisaukaskattsskyld sala (25,5%)
Afgreiðslugjald	2353 Ýmis aðkeypt þjónusta
Bifreiðagjald	2533 Ýmis annar kostnaður
Eldsneyti	2093 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður
Gjaldmælisbreyting	2353 Ýmis aðkeypt þjónusta
Gúmmí	2443 Viðhald og viðgerðir
Skoðunargjald	2533 Ýmis annar kostnaður
Smurning og síur	2093 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður
Stöðvargjöld	2353 Ýmis aðkeypt þjónusta
Tryggingar	2383 Ýmis skrifstofukostnaður

Varahlutir og viðgerðir	2443 Viðhald og viðgerðir
Verkfæri	2423 Gjaldfærð smááhöld og búnaður
Pungaskattur	2533 Ýmis annar kostnaður
Bifreiðaeign	5028 Varanlegir rekstrarfjármunir skv. eignaskrá
Læknar	
Tekjur af læknisþjónustu	1040 Velta í starfsemi sem undanþegin er vsk.
Aðstaða á spítala	2193 Húsaleiga
Efni og rekstrarvörur	2093 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður
Filmur og framköllun	2093 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður
Smáverkfæri og áhöld	2423 Gjaldfærð smááhöld og búnaður
Heilbrigðiseftirlitsgjald	2533 Ýmis annar kostnaður
Tryggingar v/starfsmanna	2533 Ýmis annar kostnaður
Tryggingar (aðrar)	2383 Ýmis skrifstofukostnaður
Útgerð	
Seldur afli	1025 Virðisaukaskattsskyld sala (7%)
Aflabætur	1060 Aðrar tekjur
Hafnargjöld	2533 Ýmis annar kostnaður
Ís, salt og beita	2093 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður
Karaleiga	2403 Lausafjárleiga, fjármögnunarleiga o.fl.
Kvótaleiga (tekjur)	1060 Aðrar tekjur eða gjöld
Kvótaleiga (gjöld)	2403 Lausafjárleiga, fjármögnunarleiga o.fl.
Lyf og lækniskostnaður	2533 Ýmis annar kostnaður
Olía	2093 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður
Rekstrarhreinlætisvörur	2093 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður
Talstöðvarkostnaður	2383 Ýmis skrifstofukostnaður
Tryggingar v/ báta	2383 Ýmis skrifstofukostnaður
Tryggingar v/ starfsmanna	2533 Ýmis annar kostnaður
Umbúðir	2093 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður
Veifarækarkostnaður	2093 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður
Veðieftirlitsgjald	2533 Ýmis annar kostnaður
Verbúðaleiga	2193 Húsaleiga
Viðhald báts og búnaðar	2443 Viðhald og viðgerðir
Vigttagjald/hafnarvogir	2533 Ýmis annar kostnaður
Bátur (eign)	5028 Varanlegir rekstrarfjármunir skv. eignaskrá
Fiskvinnsla	
Seldar afurðir til manneldis	1025 Virðisaukaskattsskyld sala (7%)
Aðkeypt hráefni	2153 Vörukaup
Hiti	2093 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður

Hreinlætisvörur til framleiðslu	2093 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður
Ís	2093 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður
Leyfisgjald	2533 Ýmis annar kostnaður
Læknisvottorð og sjúkrakostnaður	2533 Ýmis annar kostnaður
Olía	2093 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður
Rafmagn til framleiðslu framleiðslukostnaður	2093 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður
Umbúðir, sykur og salt framleiðslukostnaður	2093 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður
Vátryggingar	2383 Ýmis skrifstofukostnaður
Iðnaðarmenn	
Útseld vinna	1015 Virðisaukaskattsskyld sala (25,5%)
Útseldur akstur	1015 Virðisaukaskattsskyld sala (25,5%)
Útlagður kostnaður fyrir viðskiptavini (tekjur)	1015 Virðisaukaskattsskyld sala (25,5%)
Útlagður kostnaður fyrir viðskiptavini (gjöld)	2153 Vörukaup
Aðkeypt efni	2153 Vörukaup
Slysa- og sjúkratrygging	2533 Ýmis annar kostnaður
Hreinsunargjöld/sorpeyðingargjöld	2353 Ýmis aðkeypt þjónusta/2533 Ýmis a. kostn.
Mælingagjöld	2353 Ýmis aðkeypt þjónusta/2533 Ýmis a. kostn.
Smááhöld og handverkfæri	2423 Gjaldfærð smááhöld og búnaður
Tryggingar	2383 Ýmis skrifstofukostnaður
Félagsgjöld til atvinnurekendafélaga	2383 Ýmis skrifstofukostnaður
Verkfæra-/tækjæign	5028 Varanlegir rekstrarfjármunir skv. eignaskrá
Heildsala	
Seldar vörur	1015 Virðisaukaskattsskyld sala (25,5%)
Fengin umboðslaun	1040 Velta í starfsemi sem undanþegin er vsk.
Vörukaup	2153 Vörukaup
Tollar og aðflutningsgjöld	2153 Vörukaup
Flutningskostnaður keyptrá vara	2153 Vörukaup
Flutningskostnaður seldra vara	2353 Ýmis aðkeypt þjónusta/2283 Annar bifreiðakostnaður
Auglýsingar	2263 Sölu- og auglýsingar o.fl.
Leiga í tollvörugeymslu	2193 Húsaleiga
Tollskýrslugerð	2353 Ýmis aðkeypt þjónusta

Atriðisorðaskrá

Aðkeypt vinna verktaka	6	Höfundarlaun	5	RSK 4.09 Greinargerð um fólksbifreiðar	3
Afgjaldskvaðarverðmæti	10	Iðnaðarmenn	11	Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts	3
Afskrifaðar viðskiptakröfur	7	Innaborganir fyrir afhendingu	4	Samreksraraðilar	3
Afstemming virðisaukaskatts vegna blandaðrar starfsemi	3, 4	Innréttingar	8	Samræmingarblað	3
Atvinnugrein	4	Kaupleiga	6	Sendibílstjórar	10
Auglýsingar	6	Kennitala	4	Símakostnaður	6
Aukafyrningar	7	Langtímakröfur	8	Sjóður	8
Áfallinn rekstrarkostnaður	3	Laun	5	Skattalegar leiðréttingar	7, 9
Ársreikningur	3	Launatengd gjöld	5	Skattframtal einstaklinga	3
Bankainnstæður	8	Lausafjárleiga	6	Skrifstofukostnaður	6
Bátar	8	Lágmark reiknaðs endurgjalds	5	Skuldir umfram eignir	10
Bifreiðar	8	Leiðréttingar	8, 10	Skuldir við lánastofnanir	9
Blönduð starfsemi	4	Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts	3	Starfsemi undanþegin virðisaukaskatti	4
Bókfært verð húsa	9	Leigubílstjórar	10	Stofnkostnaður	8
Bókhaldsþjónusta	6	Lífeyrir	5	Sundurliðun	10
Bóndi	3	Læknar	11	Sveitarfélag	4
Birgðir	5, 8	Lögaðilar	3	Söluhagnaður	4, 7
Bændur	3	Mótframlag í lífeyrissjóð	5	Sölu­kostnaður	6
Bætur og styrkir	5	Niðurfærsla birgða í upphafi reikningsárs skv. skattalögum	8	Sölutap	7
Dagmæður	10	Niðurfærsla birgða í lok reikningsárs skv. skattalögum	8	Tap	7, 9
Dagpeningar til launamanna	5	Niðurfærsla birgða	9	Tapaðar viðskiptakröfur	7
Eftirlaun	5	Niðurfærsla viðskiptakrafna	7, 9	Tryggingabætur	5
Eigið fé	9	Númer atvinnugreinar	4	Tryggingagjald	5
Eignakaup	3	Ógreidd laun	9	Tryggingar	6
Eignaskrá	3, 7	Ógreiddur virðisaukaskattur	9	Tölvukostnaður	6
Einkaleyfistekjur	5	Persónuframtal	3	Umbúðir	5
Eldsneyti	5	Póstburðargjöld	6	Útfylling eyðublaðsins	3
Fasteignamat	9	Rafmagn	5	Útgáfa launamiða	5, 6
Fasteignir	8	Reiðufé	8	Útgerð	11
Félagsgjöld	6	Reiknað endurgjald	3, 5, 9	Útgjöld til einkaparfa	3
Félög	3	Reiknað skattverð	4	Úttekt eiganda	9
Fiskvinnsla	11	Reiknuð laun	5	Úttekt til eigin nota	4
Fjármagnsgjöld	7	Rekstrarkostnaður	3	Varðveisla bókhaldsgagna	3
Fjármunatekjur	7	Rekstrarkostnaður húsnæðis	6	Vaxtagjöld	7
Fjármögnunarleiga	6	Rekstrartap	3	Vaxtatekjur	7
Fólksbifreið	6	Rekstrarvörur	5	Veðskuldir	9
Framlag eiganda	9	Rekstraryfirlit fólksbifreiðar	3	Veidarfæri	5
Framleiðslukostnaður	5	Risna	6	Velta undanþegin virðisaukaskatti	4
Frestun söluhagnaðar	8	RSK 1.04 Skattframtal rekstraraðila	3	Vélar og framleiðslutæki	8
Fyrirfram innheimtar tekjur	9	RSK 10.25 Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts. Árssundurliðun	3	Viðgerðir	6
Fyrirframgreiðslur	8	RSK 10.26 Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts	3	Viðhald	6
Fyrningar	3	RSK 10.27 Afstemming virðisaukaskatts vegna blandaðrar starfsemi	3, 4	Viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra	5
Geymsla bókhaldsgagna	3	RSK 4.01 Eignaskrá	3	Viðskiptakröfur	8
Gjafir	6	RSK 4.03 Rekstraryfirlit fólksbifreiðar	3	Viðskiptaskuldir	9
Gjaldfærð smááhöld	6	RSK 4.05 Samræmingarblað	3	Virðisaukaskattsnúmer	4
Hagnaður	3, 9	RSK 4.08 Landbúnaðarskýrsla	3	Virðisaukaskattsskyld sala	4
Heildsala	11			Vörubirgðir	8
Heitt vatn	5			Vörukaup	5
Hrein eign	3, 10			Yfirdráttarlán	8, 9
Húsaleiga	6			Ökutækjastyrkir	5